

það ástæðulaus kostnaður að setja slíkan embættismann eða stjórnarherra, er alþingi hefur farið fram á, og stjórnin sæi sjer ekki fært að beiðast fjárstyrks til að bera þann kostnað, og vísar stjórnin um leið til athugasemda þeirra, er gjörðar eru hjer að framan, þar sem ræðir um að setja yfirstjórn í Reykjavík fyrir allt landið.

1855.

7. júní.

28. Brjef innanríkisstjórnarinnar til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um þingsköp á alþingi.

8. júní.

Um leið og hjer herra amtm. hafið sagt álit yðar um þegn-samlegasta bænarskrá alþingis um breytingu á stjórn prentsmiðju stiptisins, o. s. frv., í brjefi yðar 6. maí f. á., hafið hjer gjört þá athugasemd, er að sönnu einkum snertir formið á meðferð þessa máls, en sem eins snertir meðferð á öðrum bænarskrám frá einstökum mönnum, er á hinu seinasta alþingi hafa gefið tilefni til, að þingið hefur sent um þau mál bænarskrár, þá athugasemd nefnilega, að meðferð þessa máls á þinginu sè ekki grundvölluð á skriflegri uppástungu frá neinum þingmanni, eins og þeinlínis er fyrirskipað í tilskipun 8. marz 1843, 62. gr., heldur hafi bænarskrár eða ávörp komið til þingsins frá ýmsum kjördæmum landsins, er einhver alþingismaður hefur, eptir að forseti hefur gefið tilefni til þess, eins í þessu máli sem öðrum, tekið að sjer, án þess hann hafi þó gjört um það neina skriflega uppástungu. Þar eð nú stjórnin verður að vera samdóma herra amtmanninum í því, að aðferð sú, er hjer ræðir um, sje hvorki samkvæm fyrirmælum alþingistilskipunarinnar nje hentug í sjálfu sjer, þar eð engin föst undirstaða fyrir meðferð málsins fæst með þessu móti, eins og það líka hefur sýnt sig, þar eð innihald í bænarskrám um sama efni getur verið mjög ýmislegt, að það er mjög örðugt, að koma nokkurri samhljóðan á málið, verð jeg að álita það rjettast, að reisa skorður við því að þessi aðferð sje svo opt við höfð, að hún öðlist hefð framvegis, og vil jeg því biðja herra amtmanninn að vekja athgli þingsins á því sem órjett er í þessari

1855.

8. júní.

aðferð, ef líkt ber við á þingi því, er nú skal haldið, og er ætlandi að slík aðferð verði þá ekki aptur við höfð, eins og líklegt er að þessu hefði verið hrundið í lag, hefði þinginu á hinum síðasta fundi þess verið bent á þetta atriði; en ef að þingið móti von skyldi vilja halda hinni áður nefndu órjettu aðferð, eruð þjer beðnir að leyfa ekki umræður um neitt mál, sem ekki er framborið í því formi, er alþingistilskipunin ákveður.

Ásamt þessu vil jeg ekki láta hjá líða að skýra yður frá, að stjórnin hefur tekið eptir því, að sú aðferð er við höfð í ýmsum málum, er lögð hafa verið undir álit hins síðasta alþingis, að breytingaratkvæði þingsins við hina íslenzku útleggingu lagaboðanna, sem, eins og eðlilegt er, eru samín á íslenzku, eru tekin á sama máli upp í hina dönsku útleggingu af álitsskjölum alþingis, er staðfest er af forseta, og send er til innanríkisstjórnarinnar samkvæmt 43. grein alþingistilskipunarinnar. Ástæðan fyrir þessari aðferð, sem er gagnstæð því, er áður hefur tíðkapt, að breytingaratkvæðin voru einnig lögð út á dönsku, er, að svo miklu leyti er menn vita, sú, að kvartað hefur verið yfir því, að breytingaratkvæðin eigi ekki ætíð við hinn upphaflega danska texta, þegarúi er að snúa þeim á dönsku, og hefur því þótt betra, til að komaast hjá ruglingi, að hafa breytingaratkvæðin einungis á íslenzku, og láta svo þann, er seinast semur sjálfst lagaboðið á dönsku, leggja þau út, svo að þau eigi við danska textann. Sá ókostur er nú við þessa aðferð, að hlutaðeigandi ráðgjafi, sem ekki er að búast við að skilji íslenzku, á bággt með að skilja álitsskjöl þingsins, og jeg vildi þess vegna biðja amtmanninn að annast framvegis um, að breytingaratkvæði þingsins sjeu einnig lögð út þannig, að útleggingin eigi við danska textann og eigi þjer í því skyni að láta forseta, sem á að annast um rjetta og fullkomna þýðingu álitsskjalanna, fá hann.